

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

	Til lesenda	1
2012/EES/15/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.	1
2012/EES/15/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	3
2012/EES/15/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.	5
2012/EES/15/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	8
2012/EES/15/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	10
2012/EES/15/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	12
2012/EES/15/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	14
2012/EES/15/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	16
2012/EES/15/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	18
2012/EES/15/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.	19
2012/EES/15/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn	21

2012/EES/15/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn	24
2012/EES/15/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsinga-samfélagið) við EES-samninginn	25
2012/EES/15/14	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsinga-samfélagið) við EES-samninginn	26
2012/EES/15/15	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsinga-samfélagið) við EES-samninginn	27
2012/EES/15/16	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	28
2012/EES/15/17	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	29
2012/EES/15/18	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	30
2012/EES/15/19	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	31
2012/EES/15/20	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	32
2012/EES/15/21	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	33
2012/EES/15/22	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	34
2012/EES/15/23	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	35
2012/EES/15/24	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	36
2012/EES/15/25	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	37
2012/EES/15/26	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	38
2012/EES/15/27	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	39
2012/EES/15/28	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	40
2012/EES/15/29	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	41

2012/EES/15/30	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	42
2012/EES/15/31	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	44
2012/EES/15/32	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	46
2012/EES/15/33	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	47
2012/EES/15/34	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	50
2012/EES/15/35	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	51
2012/EES/15/36	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn	52
2012/EES/15/37	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn	53
2012/EES/15/38	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.	54
2012/EES/15/39	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2011 frá 19. desember 2011 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.	56
2012/EES/15/40	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2011 frá 19. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	58
2012/EES/15/41	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2011 frá 19. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	63
2012/EES/15/42	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2011 frá 19. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	64

II EFTA-STOFNANIR

- 1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**
- 2. Eftirlitsstofnun EFTA**
- 3. EFTA-dómstóllinn**

III EB-STOFNANIR

- 1. Framkvæmdastjórnin**

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Til lesenda

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2011 var afturkölluð áður en hún var samþykkt og myndar því eyðu í númeraröðinni.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 123/2011

2012/EES/15/01

frá 2. desember 2011

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2011 frá 21. október 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/749/ESB frá 2. desember 2010 um breytingu á ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Indlands, Perús, Panama og Suður-Kóreu með tilliti til kúariðu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/761/ESB frá 7. desember 2010 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar samþykktar landsráðstafanir Ungverjalands og Bretlands vegna vorveiru í vatnakarpa ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/187/ESB frá 24. mars. 2011 um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar samþykki fyrir landsráðstöfunum til að koma í veg fyrir að herpesveira 1 μvar í ostrum (OshV-1 μvar) berist til tiltekinna svæða við Írland og í Breska konungsríkinu ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi tekur til Íslands með aðlögunarfrestinum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka á þeim sviðum sem vörðuðu ekki Ísland áður en kaflinn var endurskoðaður samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 72, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 318, 4.12.2010, bls. 47.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 47.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 80, 26.3.2011, bls. 15.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 94. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB) í hluta 4.2:

„eins og henni var breytt með:

- **32010 D 0761**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/761/ESB frá 7. desember 2010 (Stjtið. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 47),
- **32011 D 0187**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/187/ESB frá 24. mars 2011 (Stjtið. ESB L 80, 26.3.2011, bls. 15).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 49. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB) í hluta 7.2:

„– **32010 D 0749**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/749/ESB frá 2. desember 2010 (Stjtið. ESB L 318, 4.12.2010, bls. 47).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2010/749/ESB, 2010/761/ESB og 2011/187/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 124/2011****2012/EES/15/02****frá 2. desember 2011****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2011 frá 21. október 2011 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2011 frá 21. október 2011 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011 frá 10. janúar 2011 um framkvæmdarráðstafanir vegna hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 53. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2010) í hluta 7.2 í I. kafla:
„54. **32011 R 0016**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011 frá 10. janúar 2011 um framkvæmdarráðstafanir vegna hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður (Stjtið. ESB L 6, 11.1.2011, bls. 7).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 47. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009) í II. kafla:
„47a. **32011 R 0016**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011 frá 10. janúar 2011 um framkvæmdarráðstafanir vegna hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður (Stjtið. ESB L 6, 11.1.2011, bls. 7).“

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzzzz (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/169/ESB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „54zzzzzzm. **32011 R 0016**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011 frá 10. janúar 2011 um framkvæmdarráðstafanir vegna hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður (Stjtið. ESB L 6, 11.1.2011, bls. 7).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 72, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 78, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 6, 11.1.2011, bls. 7.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 16/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 125/2011****2012/EES/15/03****frá 2. desember 2011****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2011 frá 21. október 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 998/2010 frá 5. nóvember 2010 um leyfi fyrir *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (handhafi leyfis er Lactosan GmbH & Co KG) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 999/2010 frá 5. nóvember 2010 um leyfi fyrir 6- fýtasa (EB 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 17594), sem fôðuraukefni fyrir gyltur (handhafi leyfis er DSM Nutritional Products Ltd) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1070/2010 frá 22. nóvember 2010 um breytingu á tilskipun 2008/38/EB með því að bæta í skrána yfir fyrirhugaða notkun því sérstaka næringarmarkmiði að styrkja efnaskipti í liðamótum þegar um er að ræða slitgigt hjá hundum og köttum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1117/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir blöndu úr sitrónusýru, sorbinsýru, þýmóli og vanillíni sem fôðuraukefni fyrir fráfarugrísí (handhafi leyfis er Vetagro SpA) ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1118/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir díklasúrili sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Janssen Pharmaceutica NV) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fôðuraukefni fyrir mjólkurkúr og hesta og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1520/2007 (handhafi leyfis er Prosol SpA) ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1120/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem fôðuraukefni fyrir fráfarugrísí (handhafi leyfis er Lallemand SAS) ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 168/2011 frá 23. febrúar 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 107/2010 að því er varðar notkun á fôðuraukefninu *Bacillus subtilis* ATCC PTA-6737 í fôðri sem inniheldur madúramísínammóníum, natríummónensín, narasín eða róbenidínhydróklóríð ⁽⁹⁾.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 78, og EES-viðbætur við Stjútíð. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 12.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 22.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 24.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 306, 23.11.2010, bls. 42.

⁽⁵⁾ Stjútíð. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 3.

⁽⁶⁾ Stjútíð. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 5.

⁽⁷⁾ Stjútíð. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 9.

⁽⁸⁾ Stjútíð. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 12.

⁽⁹⁾ Stjútíð. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 4.

- 10) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999):
„– **32010 R 1118**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1118/2010 frá 2. desember 2010 (Stjtið. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 5).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzzzh (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1520/2007):
„eins og henni var breytt með:
„– **32010 R 1119**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2010 frá 2. desember 2010 (Stjtið. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 9).“
3. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzzzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 107/2010):
„eins og henni var breytt með:
– **32011 R 0168**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 168/2011 frá 23. febrúar 2011 (Stjtið. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 4).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 14c (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/38/EB):
„– **32010 R 1070**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1070/2010 frá 22. nóvember 2010 (Stjtið. ESB L 306, 23.11.2010, bls. 42).“
5. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 2m (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 892/2010):
„2n. **32010 R 0998**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 998/2010 frá 5. nóvember 2010 um leyfi fyrir *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (handhafi leyfis er Lactosan GmbH & Co KG) (Stjtið. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 22).
2o. **32010 R 0999**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 999/2010 frá 5. nóvember 2010 um leyfi fyrir 6- fýtasa (EB 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 17594), sem fôðuraukefni fyrir gyltur (handhafi leyfis er DSM Nutritional Products Ltd) (Stjtið. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 24).
2p. **32010 R 1117**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1117/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir blöndu úr sitrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni sem fôðuraukefni fyrir fráfarugrísí (handhafi leyfis er Vetagro SpA) (Stjtið. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 3).
2q. **32010 R 1118**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1118/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir díklasúrili sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Janssen Pharmaceutica NV) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999 (Stjtið. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 5).
2r. **32010 R 1119**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fôðuraukefni fyrir mjólkurkúr og hesta og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1520/2007 (handhafi leyfis er Prosol SpA) (Stjtið. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 9).
2s. **32010 R 1120**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1120/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem fôðuraukefni fyrir fráfarugrísí (handhafi leyfis er Lallemand SAS) (Stjtið. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 998/2010, 999/2010, 1070/2010, 1117/2010, 1118/2010, 1119/2010, 1120/2010 og 168/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 126/2011****2012/EES/15/04****frá 2. desember 2011****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2011 frá 20. maí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/57/EB frá 13. júlí 2009 varðandi veltigrindur á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/75/EB frá 13. júlí 2009 um veltigrindur á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (kyrrstöðuprófun) ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/57/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 77/536/EBE ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 5) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/75/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 79/622/EBE ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði II kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 11. liðar (tilskipun ráðsins 77/536/EBE) hljóði svo:

„**32009 L 0057:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/57/EB frá 13. júlí 2009 varðandi veltigrindur á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (Stjtið. ESB L 261, 3.10.2009, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í VI. viðauka:

„IS fyrir Ísland

FL fyrir Liechtenstein

16. fyrir Noreg““““

2. Texti 17. liðar (tilskipun ráðsins 79/622/EBE) hljóði svo:

„**32009 L 0075:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/75/EB frá 13. júlí 2009 um veltigrindur á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (kyrrstöðuprófun) (Stjtið. ESB L 261, 3.10.2009, bls. 40).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 196, 28.7.2011, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 28.7.2011, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 261, 3.10.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 261, 3.10.2009, bls. 40.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 220, 29.8.1977, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 179, 17.7.1979, bls. 1.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í VI. viðauka:

„IS fyrir Ísland

FL fyrir Liechtenstein

16. fyrir Noreg^{***}“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2009/57/EB og 2009/75/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 127/2011****2012/EES/15/05****frá 2. desember 2011****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2011 frá 20. maí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/105/EB frá 16. september 2009 varðandi einföld þrýstihylki ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/35/ESB frá 16. júní 2010 um færanlegan þrýstibúnað og niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 76/767/EBE, 84/525/EBE, 84/526/EBE, 84/527/EBE og 1999/36/EB ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/105/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 87/404/EBE ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 5) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2010/35/ESB falla úr gildi tilskipanir ráðsins 76/767/EBE ⁽⁵⁾, 84/525/EBE ⁽⁶⁾, 84/526/EBE ⁽⁷⁾, 84/527/EBE ⁽⁸⁾ og 1999/36/EB ⁽⁹⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði VIII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 2. liðar (tilskipun ráðsins 76/767/EBE), 3. liðar (tilskipun ráðsins 84/525/EBE), 4. liðar (tilskipun ráðsins 84/526/EBE), 5. liðar (tilskipun ráðsins 84/527/EBE) og liðar 6b (tilskipun ráðsins 1999/36/EB) falli brott.
2. Texti 6. liðar (tilskipun ráðsins 87/404/EBE) hljóði svo:
„**32009 L 0105:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/105/EB frá 16. september 2009 varðandi einföld þrýstihylki (Stjtið. ESB L 264, 8.10.2009, bls. 12).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 6c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/525/EB):
„6d. **32010 L 0035:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/35/ESB frá 16. júní 2010 um færanlegan þrýstibúnað og niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 76/767/EBE, 84/525/EBE, 84/526/EBE, 84/527/EBE og 1999/36/EB (Stjtið. ESB L 165, 30.6.2010, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2009/105/EB og 2010/35/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 196, 28.7.2011, bls. 26, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 28.7.2011, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 264, 8.10.2009, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.6.2010, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 220, 8.8.1987, bls. 48.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 153.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 300, 19.11.1984, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 300, 19.11.1984, bls. 20.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 300, 19.11.1984, bls. 48.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 20.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 128/2011****2012/EES/15/06****frá 2. desember 2011****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2011 frá 21. október 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/3/ESB frá 17. janúar 2011 um breytingu á tilskipun 2008/128/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir litarefni til notkunar í matvælum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzzh (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/128/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32011 L 0003**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/3/ESB frá 17. janúar 2011 (Stjtið. ESB L 13, 18.1.2011, bls. 59).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/3/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 78, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 13, 18.1.2011, bls. 59.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 129/2011****2012/EES/15/07****frá 2. desember 2011****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2011 frá 21. október 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 10/2011 falla úr gildi tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 80/766/EBE ⁽³⁾, 81/432/EBE ⁽⁴⁾ og 2002/72/EB ⁽⁵⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.
- 4) Til hagræðingar skulu gerðirnar, sem tilgreindar eru undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF*“ í XII. kafla II. viðauka, endurtölusettar.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 25. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/766/EBE), 28. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 81/432/EBE) og liðar 54zzb (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/72/EB) falli brott.
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 36. lið (tilskipun ráðsins 85/572/EBE):
„– **32011 R 0010**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 (Stjtið. ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzzm (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011):
„55. **32010 R 0010**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtið. ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1).“
4. Liðir 55 (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 78/358/EBE) til 67 (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/161/ESB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF*“ verði endurtölusettir sem 1. til 13. liður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 78, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 213, 16.8.1980, bls. 42.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 167, 24.6.1981, bls. 6.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 220, 15.8.2002, bls. 18.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 10/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 130/2011

2012/EES/15/08

frá 2. desember 2011

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2011 frá 21. október 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 253/2011 frá 15. mars 2011 um breytingu á XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/296/ESB frá 21. maí 2010 um að taka saman skrá yfir sæfiefni ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):
„– **32011 R 0253**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 253/2011 frá 15. mars 2011 (Stjtið. ESB L 69, 16.3.2011, bls. 7).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12zy (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/675/ESB):
„12zz. **32010 D 0296**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/296/ESB frá 21. maí 2010 um að taka saman skrá yfir sæfiefni (Stjtið. ESB L 126, 22.5.2010, bls. 26).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 253/2011 og ákvörðunar 2010/296/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 80, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 69, 16.3.2011, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 126, 22.5.2010, bls. 26.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 131/2011****2012/EES/15/09****frá 2. desember 2011****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2009 frá 4. desember 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB frá 19. apríl 2010 um evrópskan gagnabanka um lækningatæki (Eudamed) ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir 7. lið (tilskipun ráðsins 90/385/EBE) í XXX. kafla II. viðauka við samninginn:

„8. **32010 D 0227**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB frá 19. apríl 2010 um evrópskan gagnabanka um lækningatæki (Eudamed) (Stjtið. ESB L 102, 23.4.2010, bls. 45).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/227/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 102, 23.4.2010, bls. 45.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 132/2011****2012/EES/15/10****frá 2. desember 2011****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og
XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2010 frá 12. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2011 frá 21. október 2011 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/681/ESB frá 9. nóvember 2010 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar ráðsins 1999/13/EB um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum á tímabilinu 2011–2013 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/693/ESB frá 22. júlí 2010 um sameiginlegt snið fyrir aðra skýrslu aðildarríkja um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB um takmörkun á losun tiltekinna rokgjarnra, lífrænna efnasambanda ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 9a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/205/EB) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„9aa. **32010 D 0693**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/693/ESB frá 22. júlí 2010 um sameiginlegt snið fyrir aðra skýrslu aðildarríkja um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB um takmörkun á losun tiltekinna rokgjarnra, lífrænna efnasambanda (Stjtið. ESB L 301, 18.11.2010, bls. 4).“

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21abd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/531/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„21abe. **32010 D 0681**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/681/ESB frá 9. nóvember 2010 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar ráðsins 1999/13/EB um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum á tímabilinu 2011–2013 (Stjtið. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 65).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2010/681/ESB og 2010/693/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 20, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 87, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 24.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 65.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 301, 18.11.2010, bls. 4.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 133/2011****2012/EES/15/11****frá 2. desember 2011****um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun nr. A3 frá 17. desember 2009 um uppsöfnun óslitinna útsendingartímabila sem lokið er við samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun nr. E2 frá 3. mars 2010 um að koma á málsmeðferð vegna breytinga á upplýsingum um þá aðila sem eru skilgreindir í 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 og skráðir eru í rafræna skrá sem er óaðskiljanlegur hluti rafrænnar miðlunar upplýsinga um almannatryggingar (EESSI) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun nr. H3 frá 15. október 2009 um ákvörðun dagsetningar sem taka þarf tillit til varðandi umreikningsgengi sem um getur í 90. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun nr. H4 frá 22. desember 2009 um skipan og starfshætti endurskoðunarnefndar framkvæmdaráðs um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun nr. H5 frá 18. mars 2010 um samvinnu um að berjast gegn svikum og villum innan ramma reglugerðar ráðsins (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun nr. S4 frá 2. október 2009 um tilhögun endurgreiðslu vegna framkvæmdar 35. og 41. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn ákvörðun nr. S5 frá 2. október 2009 um túlkun hugtaksins „aðstoð“ eins og það er skilgreint í va-lið 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 vegna veikinda eða meðgöngu og fæðingar skv. 17. gr., 19. gr., 20. gr., 22. gr., 24. gr. (1. mgr.), 25. gr., 26. gr., 27. gr. (1., 3., 4. og 5. mgr.), 28. gr., 34. gr. og 36. gr. (1. og 2. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 883/2004, og um útreikning fjárhæða til endurgreiðslu skv. 62., 63. og 64. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í samninginn ákvörðun nr. S6 frá 22. desember 2009 um skráningu í búsetuaðildarríki skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 og samantekt skráa sem kveðið er á um í 4. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 ⁽⁹⁾.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjútíð. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 149, 8.6.2010, bls. 3.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB C 187, 10.7.2010, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 56.

⁽⁵⁾ Stjútíð. ESB C 107, 27.4.2010, bls. 3.

⁽⁶⁾ Stjútíð. ESB C 149, 8.6.2010, bls. 5.

⁽⁷⁾ Stjútíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 52.

⁽⁸⁾ Stjútíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 54.

⁽⁹⁾ Stjútíð. ESB C 107, 27.4.2010, bls. 6.

- 10) Fella ber inn í samninginn ákvörðun nr. S7 frá 22. desember 2009 um að breyta frá reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 yfir í reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og 987/2009 og beitingu verklagsreglna vegna endurgreiðslna ⁽¹⁰⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði VI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 3.2 (ákvörðun nr. A2):

„3.3 **32010 D 0608(01)**: Ákvörðun nr. A3 frá 17. desember 2009 um uppsöfnun óslitinna útsendingartímabíla sem lokið er við samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 (Stjtið. ESB C 149, 8.6.2010, bls. 3).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4.1 (ákvörðun nr. E1):

„4.2 **32010 D 0710(01)**: Ákvörðun nr. E2 frá 3. mars 2010 um að koma á málsmeðferð vegna breytinga á upplýsingum um þá aðila sem eru skilgreindir í 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 og skráðir eru í rafræna skrá sem er óaðskiljanlegur hluti rafrænnar miðlunar upplýsinga um almannatryggingar (EESSI) (Stjtið. ESB C 187, 10.7.2010, bls. 5).“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 6.2 (ákvörðun nr. H2):

„6.3 **32010 D 0424(16)**: Ákvörðun nr. H3 frá 15. október 2009 um ákvörðun dagsetningar sem taka þarf tillit til varðandi umreikningsgengi sem um getur í 90. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 (Stjtið. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 56).

- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/894/EB frá 30. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir viðarhúsgögn ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 209, 17.8.2011, bls. 62.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2zc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/742) í XX. viðauka við samninginn:

„2zd. **32009 D 0894**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/894/EB frá 30. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir viðarhúsgögn (Stjtið. ESB L 320, 5.12.2009, bls. 23), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 209, 17.8.2011, bls. 62.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/894/EB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 209, 17.8.2011, bls. 62, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 87, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 320, 5.12.2009, bls. 23.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 156/2011****2012/EES/15/33****frá 2. desember 2011****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2011 frá 21. október 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 frá 7. október 2010 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 fellur úr gildi, hinn 1. janúar 2012, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 4) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um kerfi til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar ⁽⁴⁾ hefur ekki verið felld inn í samninginn og því eiga sértækar kröfur um skýrslugjöf sem kveðið er á um í þeirri ákvörðun ekki við um EFTA-ríkin.
- 5) Viðskipti EFTA-ríkjanna skulu skráð í viðskiptadagbók Evrópusambandsins. Yfirstjórnandi viðskiptadagbókar Evrópusambandsins skal sinna hlutverki sínu gagnvart EFTA-ríkjunum og Eftirlitsstofnun EFTA skal vera þar til bær aðili þegar að því kemur að gefa yfirstjórnandanum nauðsynleg fyrirmæli að því er varðar ákvæði um beitingu reglugerðar (ESB) nr. 920/2010 gagnvart EFTA-ríkjunum.
- 6) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 var Ísland undanþegið kröfu um að leggja fram landsúthlutunaráætlun fyrir tímabilið 2008–2012. Ákvæði reglugerðar þessarar um úthlutun losunarheimilda til rekstraraðila stöðva fyrir 2008–2012 eiga því ekki að taka til Íslands.
- 7) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 voru staðbundnar stöðvar á Íslandi, sem hefðu fallið undir gildissvið tilskipunar 2003/87/EB fyrir tímabilið 2008–2012, undanþegnar gildissviði tilskipunarinnar á því tímabili. Ísland hefur því ekki stofnað landsskrá í tengslum við kerfi ESB fyrir viðskipti með losunarheimildir. Þar af leiðandi verður að aðlaga frestinn til að hefja málsmeðferð þá sem mælt er fyrir um vegna stofnunar vörslureiknings fyrir umráðendur loftfara í Sambandssskránni. Málsmeðferðin vegna staðbundinna, íslenskra stöðva, sem þar til bær aðili hefur þegar veitt leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda, hefst gildistökudag ákvörðunar þessarar, eða þann dag sem Sambandssskráin er rekstrarhæf að því er varðar Ísland, hvort sem ber upp síðar.
- 8) Tafla Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs sem er að finna í viðskiptadagbók Evrópusambandsins skal endurspegla að kerfi ESB fyrir viðskipti með losunarheimildir vegna flugstarfsemi hafi verið vikkað út þannig að það taki til EFTA-ríkjanna. Því skal tala yfir losunarheimildir skv. II. kafla fyrir EES-svæðið í heild, sem verður úthlutað á árinu 2012, vera í töflu Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 87, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 270, 14.10.2010, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 386, 29.12.2004, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.

- 9) Samningsaðilar skilja að sérstakt eðli kerfis ESB fyrir viðskipti með losunarheimildir og skylt, staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, þar sem kveðið er á um Sambandsskrána, þurfa sérstakar reglur um geymslu gagna og aðgang varðandi Sambandsskrána til að tryggja að losunarheimildir fyrir gróðurhúsalofttegundir séu í samræmi við starfrænu og tæknilegu forskriftirnar fyrir upplýsingaskiptastaðla fyrir skráningarkerfi samkvæmt Kýótóbókuninni og að millifærsla á slíkum losunarheimildum samrýmist skuldbindingum samkvæmt Kýótóbókuninni.
- 10) Samningsaðilum er ljóst að mikilvægt sé að löggæslu- og skattyfirvöld samningsaðila, Evrópuskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar um aðgerðir gegn svikum, Evrópulögreglan og landsstjórnendur samningsaðila öðlist rétt til að fá tiltekin gögn sem eru geymd í Sambandsskránni og í viðskiptadagbók Evrópusambandsins í skýrt afmörkuðum tilvikum í tengslum við rannsókn, uppljóstrun eða málsókn vegna svika, framkvæmdar og framfylgdar í tengslum við skatta, vegna peningaþvættis, fjármögnunar hryðjuverka eða alvarlegra brota eins fram kemur í 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 920/2010.
- 11) Samningsaðilar vísa til þess, að þrátt fyrir að mælt sé fyrir um aðgang að upplýsingum í 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 920/2010 ríki sá skilningur að samstarf löggæslu og dómstóla um sakamál, svo og um framkvæmd og framfylgd í tengslum við skatta, falli utan gildissviðs EES-samningsins og að reglugerðin veiti því þeim stofnunum sem getið er ekki réttindi umfram þau sem tilgreind eru sérstaklega í 75. gr. hennar.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 21an (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004) í XX. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32010 R 0920:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 frá 7. október 2010 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB (Stjtið. ESB L 270, 14.10.2010, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samninginn varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Útgáfa, millifærsla og ógilding losunarheimilda varðandi EFTA-ríkin, rekstraraðila þeirra og umráðendur loftfara sem þau hafa umsýslu með skal skráð í viðskiptadagbók Evrópusambandsins.
Yfirstjórnandi skal vera til þess bær að inna af hendi þau verk sem um getur í 1. til 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB þegar um er að ræða EFTA-ríkin, rekstraraðila þeirra eða umráðendur loftfara sem falla undir þau.
- b) Ákvæði sem varða úthlutun losunarheimilda til rekstraraðila stöðva fyrir tímabilið 2008–2012 gilda ekki að því er varðar Ísland.
- c) Eftirfarandi málslíður bætist við í 5. mgr. 6. gr.:
„Eftirlitsstofnun EFTA skal samræma framkvæmd þessarar reglugerðar ásamt skrárstjórnendum í hverju EFTA-ríki um sig og yfirstjórnandanum.“
- d) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 15. gr.:
„4. Í tengslum við staðbundnar, íslenskar stöðvar sem lögbært yfirvald veitti leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda áður en ákvörðun þessi öðlaðist gildi hefst málsmeðferðin um að opna vörslureikninga rekstraraðilans í skrá Sambandsins annaðhvort gildistökudag ákvörðunar þessarar eða þann dag sem skrá Sambandsins er rekstrarhæf að því er Ísland varðar, hvort sem ber upp síðar.“
- e) Stafliður a) í 1. mgr. 34. gr. hljóði svo:
„Heildarfjöldi losunarheimilda skv. II. kafla sem verður úthlutað á Evrópska efnahagssvæðinu 2012,“
- f) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 2. mgr. 35. gr. og 2. mgr. 37. gr.:
„Eftirlitsstofnun EFTA skal gefa yfirstjórnandanum fyrirmæli að því er varðar töflur yfir landsúthlutunaráætlanir EFTA-rikjanna.“

g) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 36. gr. og 3. mgr. 38. gr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal gefa yfirstjórnandanum fyrirsmæli að því er varðar ákvarðanir EFTA-ríkjanna um úthlutun losunarheimilda skv. II. kafla.“

h) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 65. gr.:

„6. Eftirlitsstofnun EFTA skal gefa yfirstjórnandanum fyrirsmæli að því er varðar skrár í EFTA-ríkjunum.“

i) Í XII. viðauka vísa orðin „Losunarheimildir skv. II. kafla í öllu Sambandinu 2012“ til magns losunarheimilda 2012 skv. II. kafla innan EES, eins og það var fastsett í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2011 frá 20. júlí 2011.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 920/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. janúar 2012, eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 157/2011****2012/EES/15/34****frá 2. desember 2011****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2011 frá 21. október 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/41/EB frá 6. maí 2009 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 24. liðar (tilskipun ráðsins 90/219/EBE) í XX. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32009 L 0041**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/41/EB frá 6. maí 2009 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera (Stjtið. ESB L 125, 21.5.2009, bls. 75).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/41/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 87, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 125, 21.5.2009, bls. 75.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 158/2011

2012/EES/15/35

frá 2. desember 2011

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2011 frá 21. október 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/731/ESB frá 30. nóvember 2010 um spurningalista sem nota skal við skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB um brennslu úrgangs ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2010/731/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/329/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 32fd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/329/EB) í XX. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32010 D 0731**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/731/ESB frá 30. nóvember 2010 um spurningalista sem nota skal við skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB um brennslu úrgangs (Stjtið. ESB L 315, 1.12.2010, bls. 38).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/731/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 87, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 315, 1.12.2010, bls. 38.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 121, 6.5.2006, bls. 38.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 159/2011****2012/EES/15/36****frá 2. desember 2011****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2011 frá 30. september 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 88/2011 frá 2. febrúar 2011 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun að því er varðar hagskýrslur um menntun og starfsmenntakerfi ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18wa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 823/2010) í XXI. viðauka við samninginn:

„18wb. **32011 R 0088**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 88/2011 frá 2. febrúar 2011 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun að því er varðar hagskýrslur um menntun og starfsmenntakerfi (Stjtið. ESB L 29, 3.2.2011, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 88/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 318, 1.12.2011, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 65, 1.12.2011, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 29, 3.2.2011, bls. 5.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 160/2011****2012/EES/15/37****frá 2. desember 2011****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2011 frá 30. september 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 193/2011 frá 28. febrúar 2011 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1445/2007 að því er varðar gæðastýringarkerfið sem notað er í tengslum við jafnvirðisgengi ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19y (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1445/2007) í XXI. viðauka við samninginn:

„19ya. **32011 R 0193**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 193/2011 frá 28. febrúar 2011 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1445/2007 að því er varðar gæðastýringarkerfið sem notað er í tengslum við jafnvirðisgengi (Stjtið. ESB L 56, 1.3.2011, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 193/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 318, 1.12.2011, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 65, 1.12.2011, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 56, 1.3.2011, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 161/2011****2012/EES/15/38****frá 2. desember 2011****um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2011 frá 1. apríl 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/485/ESB frá 1. september 2010 um hæfi lögbærra yfirvalda í Ástralíu og Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 10fb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/64/ESB) í XXII. viðauka við samninginn:

„10fc. **32010 D 0485**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/485/ESB frá 1. september 2010 um hæfi lögbærra yfirvalda í Ástralíu og Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (Stjtið. ESB L 240, 11.9.2010, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/485/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 171, 30.6.2011, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 30.6.2011, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 240, 11.9.2010, bls. 6.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila
vegna ákvörðunar nr. 161/2011 um að fella ákvörðun 2010/485/ESB inn í
samninginn

„Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/485/ESB frá 1. september 2010 um hæfi lögbærra yfirvalda í Ástralíu og Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB fjallar um samskipti við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Þessi ákvörðun er felld inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið samningsins.“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 162/2011****2012/EES/15/39****frá 19. desember 2011****um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/28/EB fellur úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 4) Skoða verður hvort Noregi hafi tekist að uppfylla markmið um hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í endanlegri brúttónotkun orku árið 2020 í samhengi við upphaflegan, háan hlut endurnýjanlegar orku samanborið við aðildarríki Evrópusambandsins og við þá óvissu sem tengist framboði og eftirspurn sem er innbyggð í sambland af vatnsorkuframleiðslukerfi og köldu loftslagi.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði IV. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 19. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB) falli brott hinn 1. janúar 2012.
2. Eftirfarandi bætist við á eftir 40. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 774/2010):
„41. **32009 L 0028**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/25/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB (Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Tilskipunin á ekki að taka til Liechtensteins.
- b) Ákvæði annar málslíðar 1. mgr. 3. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- c) Eftirfarandi bætist við í 2. mgr. 4. gr.:

„Noregur og Ísland skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um landsbundnar aðgerðaáætlanir sínar um endurnýjanlega orku eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2011 sem fellir tilskipun 2009/28/EB inn í samninginn.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 32, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 44.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 283, 27.10.2001, bls. 33.

d) Eftirfarandi bætist við í 1. mgr. 22. gr.:

„Noregur og Ísland skulu skila skýrslu um framþróun að því er varðar aukningu á og notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum eigi síðar en 31. desember 2013 og á tveggja ára fresti eftir það. Fimmta skýrslan, sem leggja skal fram eigi síðar en 31. desember 2021, er síðasta skýrslan sem skila skal.“

e) Eftirfarandi bætist við í A-lið í I. viðauka:

”

	Hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í endanlegri brúttónotkun orku árið 2005 (S ₂₀₀₅)	Markmið um hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í endanlegri brúttónotkun orku árið 2020 (S ₂₀₂₀)
Ísland	55,0%	64%
Noregur	58,2%	67,5%

“““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/28/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 163/2011****2012/EES/15/40****frá 19. desember 2011****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2011 frá 2. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Meginmarkmið með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningssflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽²⁾ er að koma á og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningssflugi í Sambandinu.
- 3) Starfsemi Flugöryggisstofnunar Evrópu getur haft áhrif á öryggisstig í almenningssflugi á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 4) Af þessum sökum ber að fella reglugerð (EB) nr. 216/2008 inn í samninginn til þess að EFTA-ríkin geti tekið fullan þátt í starfsemi Flugöryggisstofnunar Evrópu.
- 5) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 fellur úr gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist eins og tilgreint er í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 216/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stj. tíð. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 36, og EES-viðbætur við Stj. tíð. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 41.

⁽²⁾ Stj. tíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stj. tíð. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

Yfirlýsing EFTA-ríkjanna

vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2011 um að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB

„Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 fjallar meðal annars um heimild til að beita sektum og fáviti á sviði flugöryggis. Reglugerð þessi er felld inn í samninginn með fyrirvara um stofnanalausnir að því er varðar gerðir í framtíðinni sem veita heimildir til að beita viðurlögum.“

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2011

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í liði 66a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91) og 66r (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB):
„– **32008 R 0216**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 (Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 68a (tilskipun ráðsins 91/670/EBE):
„eins og henni var breytt með:
– **32008 R 0216**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 (Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).“
3. Texti liðar 66n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002) hljóði svo:
„**32008 R 0216**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókanar 1 við samninginn skal túlka hugtakið „aðildarríki“ í reglugerðinni á þann veg að það taki til EFTA-ríkjanna auk ríkja sem það tekur til samkvæmt reglugerðinni, enda sé ekki kveðið á um annað hér á eftir. Beita skal ákvæðum 11. mgr. bókanar 1.
- b) Að því er varðar EFTA-ríkin skulu Eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir því sem við á, njóta aðstoðar Flugöryggisstofnunarinnar við þau verkefni sem þeim eru falin, hvernig og hvenær sem það á við. Flugöryggisstofnunin og Eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir því sem við á, skulu hafa með sér samstarf og skiptast á upplýsingum, hvernig og hvenær sem það á við.
- c) Ekkert í reglugerð þessari skal túlkað á þann veg að Flugöryggisstofnuninni sé falið umboð til starfa fyrir hönd EFTA-ríkjanna samkvæmt milliríkjasamningum nema að því leyti sem þau njóta aðstoðar hennar til að rækja skyldur sínar samkvæmt slíkum samningum.
- d) Ákvæði 12. gr. breytist sem hér segir:
 - i) Orðin „eða EFTA-ríkis“ bætist við á eftir orðinu „Bandalagsins“ í 1. mgr.
 - ii) Ákvæði 2. mgr. hljóði svo:
„Ef Sambandið stofnar til viðræðna við þriðja land um gerð samnings þess efnis að aðildarríki eða Flugöryggisstofnuninni sé heimilt að gefa út vottorð og skirteini á grundvelli vottorða sem flugmálayfirvöld í því þriðja landi hafa gefið út, skal leitast við að tryggja að EFTA-ríkjunum bjóðist sambærilegur samningur við hlutaðeigandi land. EFTA-ríkin skulu á móti leitast við að gera samninga við þriðju lönd sem samsvara þeim sem Sambandið hefur gert.“
- e) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 7. mgr. 14. gr.:
„Þegar framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA, með fyrirvara um ákvæði staflíðar d) í 4. mgr. bókanar 1 við EES-samninginn, skiptast á upplýsingum um ákvörðun sem var tekin samkvæmt málsgrein þessari, skal framkvæmdastjórnin framsenda aðildarríkjum Evrópusambandsins upplýsingar sem berast frá Eftirlitsstofnun EFTA og Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda EFTA-ríkjunum upplýsingar sem berast frá framkvæmdastjórninni.“
- f) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 15. gr.:
„5. Við beitingu þessarar reglugerðar skal reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar einnig gilda um þau skjöl Flugöryggisstofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.“
- g) Eftirfarandi bætist við í staflíð b) í 2. mgr. 17. gr.:
„Flugöryggisstofnunin skal ennfremur vera Eftirlitsstofnun EFTA innan handar og veita henni sams konar aðstoð að því marki sem ráðstafanir og störf af því tagi heyra undir Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt samningnum.“
- h) Ákvæði staflíðar e) í 2. mgr. 17. gr. hljóði svo:
„annast störf og verkefni á sínu valdsviði sem samningsaðilum hafa verið fengin með gildandi alþjóðasamþykktum, einkum Chicago-samningnum. Flugmálayfirvöld í EFTA-ríkjunum skulu annast slík störf og verkefni aðeins að því leyti sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.“
- i) Fyrsti málslíður 20. gr. hljóði svo:
„Að því er varðar loftför, hreyfla, loftskráfur, íhluti og búnað, sem um getur í stafl. a) og b) í 1. mgr. 4. gr., skal Flugöryggisstofnunin annast störf og verkefni hönnunar-, framleiðslu- eða skráningarríkisins í tengslum

við hönnunarsamþykki, eftir því sem við á og eins og tilgreint er í Chicago-samningnum eða viðaukum hans. Flugmálayfirvöld í EFTA-rikinum skulu aðeins annast störf og verkefni af þessu tagi að því leyti sem þeim er falið slíkt í samræmi við þessa grein.“

- j) Ákvæði 24. gr. breytist sem hér segir:
- i) Eftirfarandi bætist við í 1. mgr.:

„Stofnunin skal gefa Eftirlitsstofnun EFTA skýrslu um eftirlit með stöðlun sem framkvæmt er í EFTA-ríki.“
 - ii) Eftirfarandi bætist við í 4. mgr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa samráð við Flugöryggisstofnunina í þessu efni að því er varðar EFTA-ríkin.“
- k) Eftirfarandi bætist við í 1. mgr. 25. gr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal veitt vald til að leggja á einstaklinga og fyrirtæki, sem Flugöryggisstofnunin hefur veitt vottorð, sektir og fávíti ef þeir einstaklingar eða fyrirtæki hafa staðfestu í EFTA-ríki.“

l) Orðin „EFTA-dómstóllinn“ komi í stað „Dómstóll Evrópubandalaganna“ og „Eftirlitsstofnun EFTA“ komi í stað „framkvæmdastjórnin“ í 4. mgr. 25 gr., að því er varðar EFTA-ríkin.

m) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 29. gr.:

„4. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er forstjóra Flugöryggisstofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-rikjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.“

n) Eftirfarandi bætist við í 30. gr.:

„EFTA-ríkin skulu beita gagnvart Flugöryggisstofnuninni og starfsfólki hennar Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins og viðeigandi reglum sem samþykktar hafa verið á grundvelli hennar.“

o) Eftirfarandi orð bætist við á eftir orðinu „Bandalagsins“ í 1. mgr. 32. gr.:

„ , íslensku og norsku“.

p) Eftirfarandi bætist við á eftir stafl. c) í 2. mgr. 33. gr.:

„ca) Eftirlitsstofnun EFTA skal framsent afrit af almennri ársskýrslu Flugöryggisstofnunarinnar samkvæmt b-lið og starfsáætlun hennar samkvæmt c-lið,“.

q) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 34. gr.:

„4. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum stjórnar og hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðildarríki ESB, að undanskildum atkvæðarétti.“

r) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 41. gr.:

„6. Ríkisborgarar EFTA-rikjanna skulu vera hlutengir til setu í kæruneftindum, einnig sem formenn. Þegar framkvæmdastjórnin tekur saman skrána yfir hæfa umsækjendur, sem um getur í 3. mgr., skulu einnig teknar til greina umsóknir hæfra ríkisborgara EFTA-rikjanna.“

s) Eftirfarandi bætist við í lok 1. mgr. 54. gr.:

„Að því er varðar EFTA-ríkin skal Eftirlitsstofnun EFTA njóta aðstoðar Flugöryggisstofnunarinnar við ofangreind verkefni.“

t) Eftirfarandi orð bætist við á eftir orðinu „sáttmálans“ í fyrsta málslið 3. mgr. 58. gr.:

„eða á íslensku eða norsku“.

u) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 59. gr.:

„12. EFTA-ríkin skulu greiða hluta af því framlagi frá Bandalaginu sem um getur í a-lið 1. mgr. Í þessu skyni skal beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við hann, að breyttu breytanda.“

v) Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 65. gr.:

„8. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar sem sett er á stofn skv. 1. mgr. og hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðildarríki Evrópusambandsins, að undanskildum atkvæðarétti.

9. Ef fyrir liggur að ákvörðun um mál verði tekin í ráðinu vegna ágreinings milli framkvæmdastjórnarinnar og nefndarinnar er EFTA-rikin heimilt að taka það upp í sameiginlegu EES-nefndinni í samræmi við 5. gr. samningsins.“

w) Ef við á og nema kveðið sé á um annað gilda aðlögunarákvæðin hér að framan, að breyttu breytanda, um aðra löggjöf Sambandsins sem veitir Flugöryggisstofnuninni vald og hefur verið felld inn í samning þennan.“

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 164/2011

2012/EES/15/41

frá 19. desember 2011

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2011 frá 2. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 690/2009 frá 30. júlí 2009 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 66n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008) í XIII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 R 0690**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 690/2009 frá 30. júlí 2009 (Stjtið. ESB L 199, 31.7.2009, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 690/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi oðlast gildi 20. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2011 frá 19. desember 2011 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 199, 31.7.2009, bls. 6.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 51, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 58.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 165/2011

2012/EES/15/42

frá 19. desember 2011

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2011 frá 2. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á sameiginlegu, evrópsku flugumferðarsvæði, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska flugumferðarstjórnarkerfisins voru felldar inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006 ⁽²⁾, ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1108/2009 frá 21. október 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 216/2008 að því er varðar flugvelli, rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2006/23/EB ⁽³⁾.
- 4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/23/EB ⁽⁴⁾, sem hefur verið felld inn í samninginn, fellur úr gildi samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1108/2009 en hún gildir þó áfram og verður felld úr samningnum daginn sem ráðstafanirnar sem um getur í 10. mgr. 8. gr. c í reglugerð (EB) nr. 216/2008, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1108/2009, öðlast gildi samkvæmt samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008):
„– **32009 R 1108**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1108/2009 frá 21. október 2009 (Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 51).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 66z (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/23/EB):
„Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
Tilskipun þessi gildir til þess dags þegar ráðstafanirnar sem um getur í 10. mgr. 8. gr. c í reglugerð (EB) nr. 216/2008, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1108/2009, öðlast gildi samkvæmt samningnum.“
3. Texti liðar 66z (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/23/EB) falli brott þann dag sem ráðstafanirnar sem um getur í 10. mgr. 8. gr. c í reglugerð (EB) nr. 216/2008, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1108/2009, öðlast gildi samkvæmt samningnum.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 51.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 22.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1108/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2011 frá 19. desember 2011 ^(§), hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(§) Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 51, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 58.